

Skýrsla

forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.

Inngangur.

Skýrsla um framkvæmd upplýsingalaga er nú lögð fyrir Alþingi í tíunda sinn. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrstu úttekt sérfræðingahóps sem starfar samkvæmt samningi Evrópuráðsins um aðgang að opinberum skjölum á framkvæmd samningsins á Íslandi, sem var birt í júlí 2024. Þá er að finna umfjöllun um dóm Hæstaréttar Íslands frá 26. mars 2025 þar sem reyndi á túlkun upplýsingalaga. Loks er gerð grein fyrir störfum úrskurðarnefndar um upplýsingamál og ráðgjafa um upplýsingarétt almennings árið 2024.

Fyrsta úttekt sérfræðingahóps um aðgang að opinberum skjölum.

Ísland staðfesti árið 2021 samning Evrópuráðsins um aðgang að opinberum skjölum (e. Council of Europe Convention on Access to Official Documents, Tromsø Convention). Samningurinn öðlaðist gildi er Ísland varðar hinn 1. júní það ár. Samningurinn hefur að geyma samræmdar lágmarksreglur um upplýsingarétt almennings sem samningsríkin skuldbinda sig til að virða. Um er að ræða fyrsta bindandi alþjóðasamninginn sem gengur út frá almennri meginreglu um rétt almennings til aðgangs að skjölum í vörslum opinberra aðila.

Sérfræðingahópi um aðgang að opinberum skjölum er falið að fylgjast með því hvernig samningsríkin uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Hinn 16. júlí 2024 var birt fyrsta úttekt sérfræðingahópsins (e. Baseline Evaluation Report) þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd samningsins á Íslandi. Úttektin byggði meðal annars á upplýsingum sem Ísland lagði fram á ólíkum stigum í úttektarferlinu. Eftir að úttekt sérfræðingahópsins var birt kom Ísland á framfæri viðbótarathugasemdum í september 2024 um nokkur atriði sem fjallað var um í úttektinni.

Í úttekt sérfræðingahópsins er einkum horft til þess hvernig upplýsingalög, nr. 140/2012, samræmist ákvæðum samningsins og settar fram athugasemdir um atriði í lögunum sem kynni að vera ástæða til að endurskoða til að tryggja betur fullt samræmi við efni samningsins. Meðal atriða sem voru nefnd var ákvæði 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga, sbr. 8. gr. laganna, sem takmarkar aðgang að vinnugögnum. Mat hópsins væri að ákvæðið kynni að takmarka aðgang að of miklum fjölda gagna. Í athugasemdum Íslands var nefnt að þar sem ákvæðið hefði að geyma takmörkun á upplýsingarétti almennings væri það túlkað þröngt og að jafnvel þótt gagn uppfyllti skilyrði þess að teljast vinnugagn samkvæmt lögunum kynni engu að síður að vera skylt að veita aðgang að þeim hlutum þess sem innihéldu upplýsingar af því tagi sem nefndar eru í 3. mgr. 8. gr. upplýsingalaga.

Þá var nefnt ákvæði 2. mgr. 4. gr. upplýsingalaga, þar sem upplýsingar sem trúnaður skal ríkja um samkvæmt þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að eru undanskildar gildissviði laganna. Mat hópsins væri að ákvæðið væri ekki í samræmi við samninginn, þar sem með því væru þjóðréttarsamningar sem hefðu að geyma ákvæði um þagnarskyldu ekki undirorpnrir

upplýsingarétti almennings samkvæmt lögnum. Í athugasemdum Íslands var nefnt að ákvæðið næði aðeins til upplýsinga eða gagna sem tilgreind væru í þagnarskylduákvæðum í þjóðréttarsamningum að ættu að fara leynt. Umfang og efni hvers þagnarskylduákvæðis væru metin út frá hverju ákvæði fyrir sig og hefði það verið staðfest í úrskurðarframkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Ákvæði 2. tölul. 4. mgr. 15. gr. upplýsingalaga var einnig til umfjöllunar í úttektinni. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að beiðni megi í undantekningartilfellum hafna ef sterkar vísbendingar séu um að beiðni sé sett fram í ólögætum tilgangi. Að mati sérfræðingahópsins samræmdist ákvæðið ekki samningnum þar sem beiting þess kynni að vera háð því að beiðandi gerði grein fyrir tilgangi beiðni sinnar. Slíkt væri ekki í samræmi við ákvæði samningsins sem mælti fyrir um rétt til aðgangs að opinberum skjölum án þess að þurfa að sýna fram á tilgang beiðni eða fyrirhuguð not gagna sem óskað væri eftir. Var því mælt með því að ákvæðið yrði numið á brott úr lögnum. Í athugasemdum Íslands var vísað til þess að löggjafanum hefði við undirbúning setningar upplýsingalaga þótt mikilvægt að reyna að stemma stigu við að lögin yrðu notuð til að auðvelda eða greiða fyrir framningu afbrota. Framsetning ákvæðisins gæfi sterklega til kynna að ákvæðinu yrði ekki beitt nema í algjörum undantekningartilfellum. Ísland teldi að í stað þess að nema ákvæðið á brott mætti hugsanlega orða það öðruvísi.

Fleiri atriði voru nefnd til sögunnar í úttektinni á borð við að upplýsingalög gætu tryggt betur samræmi við 2. mgr. 3. gr. samningsins, en samkvæmt ákvæðinu má synja um aðgang að upplýsingum í opinberu skjali ef birting slíkra upplýsinga myndi, eða ef líklegt er að hún myndi, skaða einhverja þá verndarhagsmuni sem tilgreindir eru í 1. mgr. sömu samningsgreinar nema almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar gangi framar.

Með staðfestingu samnings Evrópuráðsins um aðgang að opinberum skjölum steig Ísland mikilvægt skref í átt að aukinni samræmingu reglna um upplýsingarétt á alþjóðavísu. Þó svo að á Íslandi hafi upplýsingalög almennt reynst vel og tryggt upplýsingarétt almennings og aukna þátttöku í lýðræðislegri umræðu skiptir einnig máli að Ísland taki þátt í alþjóðasamvinnu á þessu sviði. Úttekt sérfræðingahópsins um aðgang að opinberum skjölum veitir gagnlegt yfirlit yfir hvernig tryggt verði samræmi upplýsingalaga við samning Evrópuráðsins og kemur að góðum notum við mat á því hvaða þætti laganna kunni að vera rétt að endurskoða.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 26. mars 2025 í máli nr. 34/2024.

Hinn 26. mars 2025 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli nr. 34/2024. Í málinu var deilt um hvort Matvælastofnun og Ríkisútvarpið ohf. bæru skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem eggjaframleiðandinn Brúnegg ehf. teldi sig hafa orðið fyrir vegna sýningar sjónvarpsþátta í nóvember 2016 þar sem fjallað var um aðbúnað og velferð hæna í varphúsum fyrirtækisins og eftirlit Matvælastofnunar. Brúnegg var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms í mars 2017.

Með dómi Landsréttar var niðurstaða héraðsdóms um sýknu Ríkisútvarpsins staðfest en viðurkennd skaðabótaábyrgð Matvælastofnunar gagnvart eigendum Brúneggja meðal annars vegna afhendingar stofnunarinnar á gögnum um starfsemi Brúneggja til Ríkisútvarpsins. Dómurinn taldi að Matvælastofnun hefði, áður en stofnunin afhenti Ríkisútvarpinu gögnin, borið samkvæmt 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, að skora á Brúnegg að upplýsa hvort fyrirtækið teldi að umbeðnar upplýsingar ættu að fara leynt. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að áður en tekin er ákvörðun um aðgang að gögnum sem geta varðað einkahagsmuni geti sá sem hefur beiðni til afgreiðslu skorað á þann sem upplýsingar varða að upplýsa hvort hann telji að þær eigi að fara leynt.

Í dómi Landsréttar var því lýst að árið 2015 hefði Matvælastofnun gert alvarlegar athugasemdir við starfsemi Brúneggja og sent fyrirtækinu tilkynningu um fyrirhugaða stöðvun starfsemi og vörslusviptingu. Brúnegg hafi brugðist við tilkynningu stofnunarinnar og í mars 2016 hefði Matvælastofnun tilkynnt fyrirtækinu að búið væri að bæta úr öllum atriðum sem gerðar hefðu verið athugasemdir við. Landsréttur taldi að Matvælastofnun hefði mátt vera ljóst að gögnin sem Ríkisútvarpið óskaði eftir, sem að verulegu leyti vörðuðu liðið ástand þar sem Brúnegg höfðu gert endurbætur á rekstri sínum, gætu haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu Brúneggja ef þau yrðu gerð opinber. Þá yrði að telja að hefði stofnununin beint áskorun til Brúneggja samkvæmt 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga hefði svar fyrirtækisins getað haft áhrif á ákvörðun stofnunarinnar um hvort afhenda skyldi umbeðin gögn, að hvaða marki og eftir atvikum einnig með hvaða hætti það yrði gert. Var það því niðurstaða dómsins að með því að láta það undir höfuð leggjast hefði stofnununin brotið gegn ákvæði 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga og þannig sýnt af sér ólögmæta og saknæma háttsemi við afhendingu gagnanna, og að Matvælastofnun bæri skaðabótaábyrgð gagnvart eigendum Brúneggja.


Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 34/2024 var ekki fallist á að afhending umræddra gagna af hálfu Matvælastofnunar hefði verið til þess fallin að valda Brúneggjum tjóni með ólögmætum og saknæmum hætti. Í dóminum var rakið að Brúnegg hefðu markaðssett vöru sína sem vistvæna landbúnaðarframleiðslu þar sem hænur nytu góðs aðbúnaðar og egg fyrirtækisins seld neytendum á hærra verði en annarra framleiðenda. Umfjöllun eftirlitsstofnunar og athugasemdir við starfsemi fyrirtækisins, einkum langvarandi og ítarlegar aðfinnslur við dýravelferð og matvælaframleiðslu, féllu samkvæmt framansögðu ótvírætt undir að vera gögn sem hefðu að geyma upplýsingar sem áttu erindi til almennings, og að hagsmunir almennings af að fá upplýsingarnar vægju þyngra en hagsmunir Brúneggja af að þær færu leynt, sbr. 9. gr. upplýsingalaga. Matvælastofnun hefði þannig verið skylt að afhenda gögnin á grundvelli 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga.

Að fenginni þessari niðurstöðu taldi Hæstiréttur að álitsumleitan samkvæmt 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga hefði ekki breytt neinu um skyldu Matvælastofnunar til afhendingar gagnanna. Með vísan til þess að fjöldi gagna með ítarlegum upplýsingum um rekstur Brúneggja um nokkurra ára skeið var afhentur á tímabilinu maí til nóvember 2016 féllst rétturinn þó á að það hefði samrýmst góðri stjórnsýsluframkvæmd að óska eftir afstöðu fyrirtækisins samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laganna. Í ljósi framangreinds taldi Hæstiréttur að afhending umræddra gagna af hálfu Matvælastofnunar hefði ekki verið til þess fallin að valda Brúneggjum tjóni með ólögmætum og saknæmum hætti. Matvælastofnun yrði því ekki gerð skaðabótaskyld á þessum grundvelli.

Í dómi Hæstaréttar er áréttað mikilvægi gagnsæis í stjórnsýslu og réttar almennings til aðgangs að gögnum hjá hinu opinbera. Meginreglan samkvæmt upplýsingalögum sé að veita skuli aðgang að gögnum sem óskað er eftir á grundvelli laganna, nema takmarkanir í lögunum eigi við um þau. Ákvæði á borð við 9. gr. laganna, sem takmarkar aðgang að gögnum sem varða mikilvæga virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að fari leynt, skuli túlka þröngt. Leiðbeining í dóminum um 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga er einnig mikilvæg fyrir framkvæmd laganna. Þannig kemur fram að þótt það geti talist til góðra stjórnsýsluhátta að afla afstöðu þess sem upplýsingar varða til afhendingar þeirra, einkum þegar magn upplýsinga um sama aðila sem til greina kemur að afhenda er umtalsvert, teljist það ekki til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi að láta yfir höfuð leggjast að afla slíkrar afstöðu ef á annað borð er fyrir hendi skylda til að afhenda upplýsingarnar samkvæmt meginreglu upplýsingalaga.

Fjöldi mála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Árið 2024 voru stofnuð 224 mál í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Frá árinu 2013 hefur málum hjá úrskurðarnefndinni að jafnaði fjölgað jafnt og þétt, sbr. mynd 1.

Mynd 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál 2013–2024.

Í töflu 1 má sjá ný mál í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál 2024, sundurliðað eftir mánuðum.

Tafla 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál 2024, sundurliðað eftir mánuðum.


Mánuður	Fjöldi mála
Janúar	27
Febrúar	22
Mars	23
Apríl	14
Maí	28
Júní	17
Júlí	11
Ágúst	25
September	11
Október	18
Nóvember	18
Desember	10
Samtals	224

Flest þeirra mála sem stofnuð voru í málaskrá úrskurðarnefndarinnar 2024, eða 203 mál, voru kærur til úrskurðarnefndarinnar, ýmist vegna synjunar beiðni um aðgang að gögnum eða vegna tafa á afgreiðslu slíkrar beiðni, sbr. mynd 2. Í málaskrá nefndarinnar eru einnig skráðar nokkrar fyrirspurnir, eða fimm talsins. Þá bárust nefndinni þrjár beiðnir um endurupptöku máls og ein beiðni um frestun réttaráhrifa úrskurðar. Loks bárust nefndinni fimm erindi frá umboðsmanni Alþingis. Þau mál sem flokkuð eru sem „annað“ varða innri málefni úrskurðarnefndarinnar, sbr. töflu 2.

Tafla 2: Tegundir mála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál 2024.

Tegund máls	Fjöldi
Kærumál	203
Fyrirspurn	5
Endurupptaka	3
Frestun réttaráhrifa	1
Umboðsmaður Alþingis	5
Annað	7
Samtals	224

Mynd 2: Fjöldi kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál 2013–2024.



Kærumál voru flokkuð eftir því hvort kærandi var einstaklingur, fyrirtæki, félagasamtök eða fjölmiðill, sbr. töflu 3. Langflest kærumál voru frá einstaklingum, eða 157 mál. Félagasamtök voru kærendur í tveimur tilfellum og 26 kærur bárust frá fyrirtækjum eða öðrum lögaðilum. Kærur frá fjölmiðlum voru 18 á árinu, en 20 árið áður.

Tafla 3: Málshefjendur kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál 2024.

Kærandi	Fjöldi mála
Einstaklingur	157
Fyrirtæki	26
Samtök	2
Fjölmiðill	18
Samtals	203

Eins og sjá má í töflu 4 lauk 62 af þeim málum sem kærð voru til nefndarinnar á árinu 2024 með úrskurði. 14 kærumálum vegna kæra sem bárust nefndinni 2024 var ólokið við samantekt skýrslu þessarar.


Tafla 4: Staða kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál 2024.

Úrslit	Fjöldi mála
Úrskurður	62
Niðurfelling	131
Ólokið	14
Samtals	203

Á árinu 2024 var 131 kærumál felld niður hjá nefndinni. Ástæður þess að mál eru felld niður eru einkum þegar kærandi fær aðgang að umbeðnum gögnum við meðferð málsins hjá úrskurðarnefndinni, þegar beiðni kæranda er afgreidd í kjölfar kæru vegna afgreiðslutafa og þegar kæra er dregin til baka.

Tölfræði úrskurða.

Á árinu 2024 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp 70 úrskurði á 18 fundum, sbr. mynd 3. Árið 2023 kvað nefndin upp 46 úrskurði og 67 úrskurði árið 2022.

Mynd 3: Fjöldi úrskurða úrskurðarnefndar um upplýsingamál 2000–2024.

Málsmeðferðartími nefndarinnar í málum sem lauk með úrskurði árið 2024 var að meðaltali 215 dagar frá kæru til úrskurðar (2023: 241 dagar, 2022: 195 dagar, 2021: 131 dagar, 2020: 142 dagar, 2019: 222 dagar, 2018: 212 dagar, 2017: 210 dagar, 2016: 391 dagar, 2015: 296 dagar). Að meðaltali liðu 100 dagar á árinu 2024 frá því síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður. Líkt og fyrri ár var málsmeðferðartími að jafnaði mun skemmri í málum sem lauk á annan hátt en með úrskurði. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. upplýsingalaga skal úrskurður í máli birtur svo fljótt sem verða megi en að jafnaði innan 150 daga frá móttöku kæru í málinu. Málsmeðferðartími að meðaltali árið 2024 var styttri en árið 2023 og er unnið að því áfram að tryggja að hann sé í samræmi við ákvæði upplýsingalaga um málshraða.

Í töflu 5 er yfirlit yfir úrskurði sem nefndin kvað upp á árinu.

Tafla 5: Úrskurðir úrskurðarnefndar um upplýsingamál 2024.

Úrskurð- arnúmer	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðasta gagni	Niðurstaða
1169	31.8.2023	8.1.2024	18.1.2024	140	10	Heimvísun
1170	20.11.2023	14.12.2023	18.1.2024	59	35	Frávísun
1171	5.9.2022	9.2.2023	21.2.2024	534	377	Aðgangur veittur
1172	18.1.2024	24.1.2024	21.2.2024	34	28	Ákvörðun staðfest
1173	24.1.2024	13.2.2024	21.2.2024	28	8	Frávísun
1174	16.1.2024	16.1.2024	21.2.2024	36	36	Frávísun
1175	24.11.2023	17.1.2024	29.2.2024	97	43	Ákvörðun staðfest
1176	8.12.2023	24.1.2024	29.2.2024	83	36	Frávísun
1177	2.1.2024	24.1.2024	29.2.2024	58	36	Frávísun
1178	11.1.2024	13.2.2024	29.2.2024	49	16	Frávísun
1179	5.1.2024	5.1.2024	29.2.2024	55	55	Beiðni um endurupptöku hafnað
1180	14.3.2023	15.2.2024	21.3.2024	373	35	Aðgangur veittur að hluta
1181	9.10.2023	6.12.2023	30.4.2024	204	146	Aðgangur veittur
1182	31.7.2023	20.11.2023	30.4.2024	274	162	Frávísun
1183	31.1.2024	15.3.2024	30.4.2024	90	46	Aðgangur veittur
1184	30.11.2023	22.12.2023	30.4.2024	152	130	Ákvörðun staðfest
1185	22.1.2024	5.3.2024	30.4.2024	99	56	Frávísun
1186	7.2.2024	21.3.2024	30.4.2024	83	40	Frávísun
1187	3.9.2022	5.12.2023	16.5.2024	621	163	Aðgangur veittur að hluta, heimvísun, ákvörðun staðfest
1188	13.12.2022	4.3.2024	16.5.2024	520	73	Aðgangur veittur
1189	9.1.2023	16.1.2024	16.5.2024	493	121	Ákvörðun staðfest
1190	16.1.2023	1.2.2023	16.5.2024	486	470	Ákvörðun staðfest
1191	16.1.2024	5.6.2024	5.6.2024	141	0	Ákvörðun staðfest
1192	10.4.2024	18.4.2024	5.6.2024	56	48	Frávísun
1193	15.4.2024	15.4.2024	5.6.2024	51	51	Frávísun
1194	15.4.2024	15.4.2024	5.6.2024	51	51	Frávísun
1195	17.4.2024	17.4.2024	5.6.2024	49	49	Beiðni um endurupptöku hafnað
1196	26.4.2024	26.4.2024	5.6.2024	40	40	Frávísun
1197	3.5.2024	3.5.2024	5.6.2024	33	33	Frávísun
1198	2.5.2024	29.5.2024	5.6.2024	34	7	Heimvísun

Úrskurð- arnúmer	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðasta gagni	Niðurstaða
1199	24.11.2023	18.12.2023	7.6.2024	196	172	Heimvísun
1200	11.1.2023	28.3.2024	13.6.2024	519	77	Aðgangur veittur að hluta, ákvörðun staðfest, frávísun
1201	11.5.2023	18.4.2024	13.6.2024	399	56	Aðgangur veittur
1202	15.6.2023	17.7.2023	13.6.2024	364	332	Aðgangur veittur að hluta, heimvísun
1203	5.12.2023	12.1.2024	13.6.2024	191	153	Ákvörðun staðfest
1204	15.12.2023	15.1.2024	13.6.2024	181	150	Ákvörðun staðfest
1205	6.10.2022	30.5.2024	25.6.2024	628	26	Ákvörðun staðfest, frávísun
1206	22.6.2023	11.6.2024	25.6.2024	369	14	Ákvörðun staðfest
1207	28.6.2023	10.7.2023	25.6.2024	363	351	Aðgangur veittur að hluta, ákvörðun staðfest
1208	2.10.2023	24.6.2024	25.6.2024	267	1	Ákvörðun staðfest
1209	20.2.2024	9.4.2024	25.6.2024	126	77	Ákvörðun staðfest
1210	8.11.2022	9.2.2024	25.6.2024	595	137	Ákvörðun staðfest
1211	23.6.2023	11.1.2024	25.6.2024	368	166	Ákvörðun staðfest
1212	2.11.2023	4.7.2024	9.9.2024	312	67	Heimvísun, ákvörðun staðfest
1213	14.2.2024	8.7.2024	9.9.2024	208	63	Ákvörðun staðfest
1214	12.6.2024	12.6.2024	9.9.2024	89	89	Beiðni um endurupptöku hafnað
1215	19.6.2024	19.6.2024	9.9.2024	82	82	Beiðni um endurupptöku hafnað
1216	21.6.2024	21.6.2024	9.9.2024	80	80	Frávísun
1217	24.4.2024	17.9.2024	25.9.2024	154	8	Aðgangur að hluta, ákvörðun staðfest
1218	12.7.2024	21.8.2024	25.9.2024	75	35	Heimvísun
1219	29.9.2023	7 11.2023	10.10.2024	377	338	Aðgangur að hluta, ákvörðun staðfest
1220	17.10.2024	23.10.2024	25.10.2024	8	2	Fallist á frestun réttaráhrifa
1221	17.10.2023	11.12.2023	30.10.2024	379	324	Ákvörðun staðfest
1222	19.7.2024	23.8.2024	30.10.2024	103	68	Ákvörðun staðfest
1223	22.10.2024	22.10.2024	25.11.2024	34	34	Frávísun
1224	27.2.2024	23.10.2024	25.11.2024	272	33	Ákvörðun staðfest
1225	8.8.2024	26.8.2024	25.11.2024	109	91	Frávísun
1226	7.7.2023	26.9.2024	25.11.2024	507	60	Aðgangur veittur að hluta, ákvörðun staðfest
1227	17.11.2023	1.11.2024	3.12.2024	382	32	Heimvísun, ákvörðun staðfest
1228	22.8.2023	11.12.2023	3.12.2024	469	358	Heimvísun
1229	26.10.2023	24.11.2023	3.12.2024	404	375	Ákvörðun staðfest
1230	7.8.2024	2.9.2024	3.12.2024	118	92	Frávísun

Úrskurð- arnúmer	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðasta gagni	Niðurstaða
1231	8.10.2024	8.11.2024	3.12.2024	56	25	Ákvörðun staðfest
1232	29.10.2024	18.11.2024	3.12.2024	35	15	Frávisun
1233	26.6.2023	19.6.2024	19.12.2024	542	183	Aðgangur veittur að hluta, ákvörðun staðfest
1234	11.6.2024	1.7.2024	19.12.2024	191	171	Aðgangur veittur
1235	23.8.2024	7.11.2024	19.12.2024	118	42	Ákvörðun staðfest
1236	15.5.2024	28.5.2024	19.12.2024	218	205	Ákvörðun staðfest
1237	23.8.2024	13.11.2024	19.12.2024	118	36	Aðgangur veittur
1238	27.10.2024	12.12.2024	19.12.2024	53	7	Heimvísun, ákvörðun staðfest

Skipan úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Formaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál er Trausti Fannar Valsson, dósent við laga-deild Háskóla Íslands. Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, er aðal-maður og varaformaður nefndarinnar. Þá er aðalmaður Sigríður Árnadóttir, aðstoðarsaksókn-ari hjá héraðssaksóknara og fyrrverandi fréttamaður. Varamenn eru Elín Ósk Helgadóttir, deildarstjóri hjá Alþingi, Simon Sigvaldason, landsréttardómari, og Sigurveig Jónsdóttir, fyrr-verandi fréttamaður.

Ráðgjafi um upplýsingarétt almennings.

Ráðgjafi stjórnvalda um upplýsingarétt almennings starfar á grundvelli 13. gr. a upplýs-ingalaga, nr. 140/2012. Hann hefur það hlutverk að stuðla að bættri upplýsingagjöf hins opin-bera, svo sem með því að leiðbeina um framsetningu gagnabeiðna og ráðleggja aðilum sem heyra undir gildissvið upplýsingalaga um meðferð slíkra beiðna.

Á árinu 2024 voru stofnuð 112 mál í málaskrá ráðgjafans en þau voru 134 talsins árið 2023, 122 árið 2022 og 74 árið 2021. Af þeim málum sem stofnuð voru árið 2024 voru 76 mál stofnuð vegna ráðgjafar til opinberra aðila og 36 mál vegna ráðgjafar til einstaklinga, lögaðila og annarra einkaaðila.